

## NEYSLUVATNSLÖGN FLÓAHREPPS FRÁ SELFOSSI AÐ RUDDAKRÓKI, FLÓAHREPPI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning neysluvatnslagnar frá Selfossi að Ruddakróki, Flóahreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að fornleifaskráning á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði stendur nú yfir. Flóahreppur hefur fallist á að ekki verði veitt leyfi fyrir framkvæmdinni fyrr en niðurstöður fornleifaskráningar liggja fyrir og Fornleifavernd ríkisins hefur staðfest að framkvæmdin og mögulegar mótvægisáðgerðir vegna hennar taki tillit til fornleifa.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Flóahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Vatnsveita Flóahrepps þarf að fá leyfi Vegagerðarinnar til þess að leggja vatnslagnir innan vegsvæðis Suðurlandsvegar. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ef raska þarf fornleifum þarf leyfi til þess frá Fornleifavernd ríkisins skv. Þjóðminjalögum (lög nr. 107/2001). Hafa þarf samráð við önnur veitufyrirtæki vegna hugsanlegra lagna á þeirra vegum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Skipulagsstofnun bendir á að áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulagi fyrrum Hraungerðishrepps og aðalskipulagi fyrrum Villingaholtshrepps, sem gerir ráð fyrir vatnslögn eins og henni er lýst í tilkynningu Flóahrepps. Samkvæmt 2. mgr. 43. greinar skipulags- og byggingarlaga þarf að vinna deiliskipulag fyrir dælur og dæluhús, en bent er á að sveitastjórn Flóahrepps getur óskað meðmæla Skipulagsstofnunar um að leyfa framkvæmdina þó ekki liggi fyrir samþykkt deiliskipulag (sbr. 3. tölulið ákvæða til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.).

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vatnsveita Flóahrepps og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

## INNGANGUR

Í bréfi dags. 19. maí 2010, sem barst Skipulagsstofnun 25. maí 2010, voru tilkynnt til Skipulagsstofnunar af Verkfræðistofu Suðurlands, f.h. Flóahrepps, áform um að leggja nýja neysluvatnslögn frá Selfossi að Ruddakróki í landi Dalsmynniss, Flóahreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Flóahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Flóahreppi með tölvupósti dags. 15. júní 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 11. júní og 16. júní 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 9. júní 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. júní 2010 og Vegagerðinni með bréfi dags. 12. júní 2010.

Frekari upplýsingar bárust frá Verkfræðistofu Suðurlands, f.h. Flóahrepps, með bréfi dags. 16. júní 2010 og í tveimur tölvupóstum dags. 22. júní 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða lagningu neysluvatnslagnar frá Selfossi um Neistastaði og að Ruddakróki í landi Dalsmynniss, samtals tæplega 14 km leið. Ný vatnslögn verði lögð meðfram Suðurlandsvegi frá Selfossi og að Langholtsvegi, austan við aðkomuveg að bænum Uppsölum, þar sem hún verði tengd fyrirbyggjandi vatnslögn. Frá Selfossi verði lögnin norðan Suðurlandsvegur en sunnan vegar á kafla austan við skógræktargirðingu og að Langholtsvegi. Þaðan og austur að Þingborgum verði eldri vatnslögn endurnýjuð og stækkuð úr 180 mm í 225 mm svera pípu, á 5,2 km kafla. Frá Þingborg að vatnsbóli í landi Neistastaða verði núverandi lögn (180 mm sver pípa) látin halda sér á 2,7 km kafla. Ný neysluvatnslögn verði lögð frá vatnsbóli í landi Neistastaða að miðlunargeymi í Ruddakrók í landi Dalsmynniss, samtals 5,5 km leið. Á þessum kafla muni hluti lagnarinnar vera meðfram eldri vatnslögn sem liggja um svæðið frá Ruddakrókslind.

Fram kemur að ekki eigi að leggja nýja vegslóða vegna framkvæmdarinnar, heldur nýta vegslóða sem fyrir séu. Vatnsleiðsla verði grafin niður á 1 m dýpi og grófum sandi þjappað umhverfis hana áður en jarðvegi verði mokað yfir. Þar sem leggja á nýja lögn um land Neistastaða að Ruddakróki verði framkvæmdarsvæðið, skurður og athafnasvæði vinnuvéla, um 5 m breitt. Á þessum kafla sé ekki þörf á að setja sand með vatnslögninni og því verði ekki fluttur sandur eða mól um þennan hluta framkvæmdarsvæðisins.

Fram kemur að setja eigi þrjár dælur til að jafna rennsli í neysluvatnslögninni: við Langholtsveg (5,5 kW), Þingeyri og vatnsból í landi Neistastaða (báðar 15 kW). Yfir dælurnar verði byggð hús (6-7 m<sup>2</sup>).

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að styrkja aðveitu og dreifikerfi neysluvatns innan sveitarfélagsins Flóahrepps og tryggja aðgengi íbúanna að góðu drykkjarvatni. Áætlað sé að verkið hefjist á árinu 2010 og því ljúki haustið 2011.

**Áhrif á samfélag og landnotkun.** Fram kemur að með framkvæmdinni verði aðgengi íbúa sveitarfélagsins að góðu neysluvatni betra en nú sé og mikilvægur þáttur í þróun sveitarfélagsins. Framkvæmdirnar muni raska grónu óræktuðu landi og munu hafa tímabundin áhrif í landi Laugardæla, Uppsala, Túns, Króks, Langstaða, Lambastaða, Neistastaða, Hurðarbaks og Dalsmynniss.

**Sjónræn áhrif og áhrif á landslag.** Fram kemur að vatnslögn verði niðurgrafin og yfirborð lands muni raskast. Að framkvæmdum loknum verði frágangi háttað þannig að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði lítil.

**Áhrif á gróðurfar.** Fram kemur að land sé raskað þar sem leggja eigi nýja lögn með Suðurlandsvegi og þar verði áhrif framkvæmdanna á gróðurfar minniháttar. Áhrifin verði nokkur þar sem nýlögn verði lögð um gróið land, mólendi og framræstar mýrar í landi Neistastaða, Hurðarbaks og Dalsmynnis. Umferð vinnuvéla um framkvæmdasvæðið verði hagað þannig að hún verði eins lítil og kostur sé. Í lok framkvæmda verði jarðvegi rutt ofan í skurði, yfirborð jafnað og tryggt að gróður komist aftur í fyrra horf.

**Áhrif á dýralíf.** Fram kemur að varp fugla í landi Neistastaða og Dalsmynnis muni truflast á framkvæmdatíma og áhrifin verði því tímabundin.

**Áhrif á jarðmyndanir.** Fram kemur að Þjórsárhraun liggja um Flóa, en víða sé það hulið þykku lagi af jarðvegi. Framkvæmdirnar muni því ekki hafa áhrif á hraun.

**Áhrif á vatnafar.** Fram kemur að lítið sé um ár og læki á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og þar séu ekki stöðuvötn eða tjarnir. Gert sé ráð fyrir að stutt sé niður á grunnvatn í mýrum sem þeki stóran hluta framkvæmdasvæðisins, en nýlögn í landi Hurðarbaks og Dalsmynnis fari þó um holt og ása, þar sem dýpra sé niður á grunnvatn. Áhrif framkvæmda á vatnafar verði lítil.

**Áhrif á fornleifar.** Fram kemur að fornleifar séu ekki þekktar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Uppdráttur af framkvæmdarsvæðinu hafi verið sendur Fornleifavernd ríkisins og Flóahreppur muni hafa samráð við Minjavörð Suðurlands ef fornleifar finnast, eða grunur vakni um tilvist þeirra. Í útboðsgögnum til verktaka verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdarsvæðisins.

**Mótvægiságerðir.** Fram kemur að stuðlað verði að því að röskun vegna framkvæmdanna verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við framkvæmdasvæðið sjálft. M.a. verði reynt að skerða gróðurlendi sem minnst, takmarka umferð vinnuvéla og samráð verði haft við landeigendur og Vegagerðina varðandi frágang við lok framkvæmda.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að framkvæmdin verði í fyrrum Hraungerðishreppi og Villingaholtshreppi, sem nú tilheyri Flóahreppi. Samkvæmt Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015 sé hluti framkvæmdarsvæðisins innan þéttbýlissvæðis (Laugardælir og Þingborg) en að öðru leyti innan landbúnaðarsvæðis. Þá sé fyrirhugað framkvæmdasvæði á landbúnaðarsvæði og vatnsverndarsvæði samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Villingaholtshrepps 2006-2018.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Flóahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á fornleifar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifar hafi ekki verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ekki sé líklegt að fornleifum verði raskað þar sem unnið verði við vatnslögnina meðfram Suðurlandsvegi, en frá vatnsbóli á Neistastöðum að miðlunargeymi í Ruddakrök fari nýlögn um gróið land, mólendi og framræst mýrlendi, þar sem fornleifar kunni að leynast.

Fornleifavernd ríkisins telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og ekki ljóst hvaða áhrif framkvæmdin kunní að hafa á fornleifar. Framkvæmdin skuli því háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Fornleifastofnun Íslands sé byrjuð að skrá fornleifar í sveitarfélagi Flóahrepps og á næstu vikum verði henni lokið þar sem neysluvatnslögnin muni liggja. Niðurstöður skráningarinnar verði sendar Fornleifavernd ríkisins.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ef skráning fornleifa leiði í ljós að fornleifum stafi hættu af fyrirhuguðu framkvæmdum kunní Fornleifavernd ríkisins að krefjast mótvægisáðgerða, t.d. að breyta legu neysluvatnslagnarinnar. Ef Flóahreppur fallist á að taka fullt tillit til skilmála stofnunarinnar telur Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekara svari fellst framkvæmdaraðili á skilmála Fornleifaverndar ríkisins.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu neysluvatnslagnar frá Selfossi, meðfram Suðurlandsvegi, um Neistastaði og að Ruddakróki í landi Dalsmýnnis, samtals tæplega 14 km leið. Ný neysluvatnslögn verður lögð frá Selfossi að Langholtsvegi en þaðan verður núverandi vatnslögn endurnýjuð austur að Þingborgum. Vatnslögn frá Þingborg að vatnsbóli í landi Neistastaða verður látin halda sér en hins vegar verður lögð ný lögn frá vatnsbólinu að miðlunargeymi í Ruddakróki í landi Dalsmýnnis. Því mun núverandi vatnslögn verða látin halda sér á 2,7 km kafla og 5,2 km hennar endurnýjaðir, en ný vatnslögn lögð á 5,5 km kafla. Komið verður fyrir þremur dælum til að jafna rennsli í neysluvatnslögnunum og byggð yfir þær 6-7 m<sup>2</sup> hús: við Langholtsveg (5,5 kW), Þingeyri og vatnsból í landi Neistastaða (báðar 15 kW).

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun bendir á að fornleifaskráning á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði stendur nú yfir. Flóahreppur hefur fallist á að ekki verði veitt leyfi fyrir framkvæmdinni fyrr en niðurstöður fornleifaskráningar liggja fyrir og Fornleifavernd ríkisins hefur staðfest að framkvæmdin og mögulegar mótvægisáðgerðir vegna hennar taki tillit til fornleifa.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkfræðistofnu Suðurlands, f.h. Flóahrepps, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning neysluvatnslagnar frá Selfossi að Ruddakróki, Flóahreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Flóahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Vatnsveita Flóahrepps þarf að fá leyfi Vegagerðarinnar til þess að leggja vatnslagnir innan vegsvæðis Suðurlandsvegar. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ef raska þarf fornleifum þarf leyfi til þess frá Fornleifavernd ríkisins skv. Þjóðminjalögum (lög nr. 107/2001).

Hafa þarf samráð við önnur veitufyrirtæki vegna hugsanlegra lagna á þeirra vegum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Skipulagsstofnun bendir á að áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulagi fyrrum Hraungerðishrepps og aðalskipulagi fyrrum Villingaholtshrepps, sem gerir ráð fyrir vatnslögn eins og henni er lýst í tilkynningu Flóahrepps. Samkvæmt 2. mgr. 43. greinar skipulags- og byggingarlaga þarf að vinna deiliskipulag fyrir dælur og dæluhús, en bent er á að sveitastjórn Flóahrepps getur óskað meðmæla Skipulagsstofnunar um að leyfa framkvæmdina þó ekki liggi fyrir samþykkt deiliskipulag (sbr. 3. tölulið ákvæða til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.).

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Flóahreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

